

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
b.t. Nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2980
komudagur 11.8.2010

9. ágúst 2010
Tilvísun: 2010070041

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, þskj. 1294 - 663. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að komið verði á fót samvinnuráði um þjóðarsátt. Fjármálaeftirlitið óskar eftir umsagnarrétti, leggi ráðherra fram lagafrumvörp til innleiðingar tillagna samvinnuráðs.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnður Haflíðason


Hildur Jana Júlíusdóttir



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2981
komudagur 11.8.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júlí 2010 02-2010070644

T-ums 57/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um
þjóðarsátt -~~633~~ mál, þskj. 1294.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 14. júlí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt -~~633~~ 663, mál, þskj. 1294.


Með tillögunni er lagt til að „Alþingi feli forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði, vettvangi stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila, til að ræða og leita leiða í anda þjóðarsáttar til langtímastyrkingar atvinnuvega landsins og efnahags þjóðarinnar til frambúðar.“

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni tillögunnar enda fellur hún utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guörún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/3097
komudagur 3.9.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 31.08.2010

við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

0911001SA TP
Málalykill: 401

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt – 663. mál

Vísað er til ofangreinds þingmáls, sem er til umfjöllunar hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis.


Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga var kvaddur á fund nefndarinnar þann 27. ágúst sl. Fram kom af hans hálfu að málið hefði ekki fengið formlega umfjöllun á vettvangi sambandsins m.a. vegna anna við önnur krefjandi verkefni.

Sambandið hefur við ýmis tilefni lýst stuðningi við aðgerðir sem miða að því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Sambandið er m.a. aðili að stöðuleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og hefur lagt á það mikla áherslu í öllu samráði við stjórnvöld ríkisins að verðlagi sé haldið stöðugu og stuðlað að jákvæðri gengisþróun fyrir heimilin í landinu.

Sveitarfélögin deila kjörum í afar ríkum mæli með heimilunum í landinu. Það er forsenda fyrir því að gera megi langtímaáætlanir um opinber útgjöld að stöðugleiki og festa náist í rekstri sveitarfélaganna. Þá er þróun sveitarstjórnarstígsins þjóðhagslega mjög mikilvæg og engin ástæða til annars en að vísa sameiginlega til rekstrar ríkisins og sveitarfélaganna þegar rætt er um langtímaáætlanagerð, sbr. 8. og 9. lið þingsályktunartillögunnar.

Sambandið tekur að öðru leyti ekki afstöðu til efnis tillögunnar að svo stöddu, en lýsir sig reiðubúið til viðræðna við stjórnvöld, stjórnmalaflokka, aðila vinnumarkaðarins og félagasamtök um alla þætti málsins.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2999
komudagur 12.8.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. ágúst 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt. (663.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í stofnun samvinnuráðs um þjóðarsátt.

Viðskiptaráð fagnar hugmyndum um stofnun samvinnuráðs þar sem stjórnmalaflokkar og hagsmunaaðilar koma saman til að ræða og finna lausnir á þeim málum sem hvíla þyngst á samfélaginu. Löngu tímabært er að koma á samstarfi og viðræðum milli allra stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila, þar sem allir koma sínum sjónarmiðum að og vinna sameiginlega að þeirri lausn sem þjónar þjóðinni sem heild. Það verður þó að beina því til þeirra sem að samvinnuráði munu standa að grunnur árangurs af slíku ráði er að vel sé staðið að samstarfi aðila og að sjónarmið allra líti dagsins ljós.

Viðskiptaráð telur að áherslur nefndarinnar megi vera með breyttum hætti en fram kemur í ofangreindri tillögu. Þau markmið sem koma fram í tillögunni eru víðtæk og yfirgripsmikil. Það verður að telja líklegra til árangurs og sátta að taka fyrir þau mál sem er hvað brýnast að lausn náist með þjóðarhagsmuni að leiðarljósi og með því sniði að raunhæft verði að ná slíkum markmiðum. Vinna samvinnuráðs á að vera lausnamiðuð og taka á því sem ekki getur beðið lausnar lengur.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands